

	<b>I</b>	<b>EES-STOFNANIR</b>	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	<b>II</b>	<b>EFTA-STOFNANIR</b>	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2012/EES/26/01		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 35/10/COL frá 3. febrúar 2010 um áttugustu breytingu á málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar; við bætist nýr kafli um beitingu ríkisaðstoðarreglna gagnvart rekstri útvarpsþjónustu í almannapágu.....	1
2012/EES/26/02		Auglýsing Eftirlitsstofnunar EFTA um endurkröfuvexti sem reikna ber við endurheimtu ríkisaðstoðar og viðmiðunar- og afreiknivexti í þremur EFTA-ríkjum; vextirnir gilda frá 1. janúar 2012.....	20
	3.	<b>EFTA-dómstóllinn</b>	
2012/EES/26/03		Dómur dómstólsins frá 23. janúar 2012 í máli E-2/11 STX Norway Offshore AS m.fl. gegn Staten v/Tariffnemnda.....	21
2012/EES/26/04		Beiðni Héraðsdóms Reykjavíkur dagsett 16. desember 2011 um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í máli Vín Trío ehf. gegn íslenska ríkinu (Mál E-19/11).....	22
	<b>III</b>	<b>EB-STOFNANIR</b>	
	1.	<b>Framkvæmdastjórnin</b>	
2012/EES/26/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6454 – Limagrain/KWS/Genective JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð.....	23
2012/EES/26/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6511 – Solvay/Air Liquide/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð ....	24
2012/EES/26/07		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6525 – SESA/Disa/SAE/JV).....	25
2012/EES/26/08		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6528 – Dow Europe/Aksa Akrílik/Aksa Karbon JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð.....	26

<b>2012/EES/26/09</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6567 – Bouygues/Amelia) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð.....	27
<b>2012/EES/26/10</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6569 – Lecta/Polyedra) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð .....	28
<b>2012/EES/26/11</b>	Málsmeðferð hætt (Mál COMP/M.6362 – CIN/Tirrenia Business Branch) .....	29
<b>2012/EES/26/12</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6244 – BNP Paribas/Fortis Commercial Finance Holding).....	29
<b>2012/EES/26/13</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6453 – Carlyle/Dr. Axel Paeger/Quadriga Capital IV/AMEOS).....	30
<b>2012/EES/26/14</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6472 – Bolloré/CMA CGM/Terminal du Grand Ouest).....	30
<b>2012/EES/26/15</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6478 – Mitsubishi Corporation/Maxingvest/ML Participações/Paraguacu Participações/Friele/Ipanema).....	31
<b>2012/EES/26/16</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6479 – MNV/Rába).....	31
<b>2012/EES/26/17</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6513 – Avenance Italy/Gemeaz Cusin).....	32
<b>2012/EES/26/18</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6519 – Cremer/L Possehl/Possehl Erzkontor JV).....	32
<b>2012/EES/26/19</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6532 – Samsung Group/Corning Group).....	33
<b>2012/EES/26/20</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6533 – Goldman Sachs/Advent International/TransUnion Corp) .....	33
<b>2012/EES/26/21</b>	Ríkisaðstoð – Pólland – Málsnúmer SA.33114 (12/C) (áður 11/NN) – Meint aðstoð við Crist-skipasmíðastöðina – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.....	34
<b>2012/EES/26/22</b>	Ríkisaðstoð – Frakkland – Málsnúmer SA.26494 (12/C) (áður 12/NN) – Flugvöllurinn í La Rochelle – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.....	34
<b>2012/EES/26/23</b>	Ríkisaðstoð – Lettland – Málsnúmer SA.30704 (12/C) (áður NN 53/10) – Viðbótar aðstoðarráðstafanir vegna veð- og fasteignalánabanka Lettlands – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.....	35
<b>2012/EES/26/24</b>	Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um endurgreiðsluvexti sem innheimta ber í tengslum við endurheimtu ríkisaðstoðar svo og viðmiðunar- og afreiknivexti fyrir 27 aðildarríki; vextirnir gilda frá 1. maí 2012 .....	36

# EFTA-STOFNANIR

## EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2012/EES/26/01

35/10/COL

frá 3. febrúar 2010

**um áttugustu breytingu á málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar; við bætist nýr kafli um beitingu ríkisaðstoðarreglna gagnvart rekstri útvarpsþjónustu í almannabágu**

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN <sup>(1)</sup>

með vísan til samningsins um Evrópskt efnahagssvæði <sup>(2)</sup>, einkum ákvæða 61., 62. og 63. gr. og bókar 26,

með vísan til samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls <sup>(3)</sup>, einkum ákvæða 24. gr. og staflíðar b) í 2. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt 24. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól ber Eftirlitsstofnun EFTA að koma ákvæðum EES-samningsins um ríkisaðstoð til framkvæmda.

Samkvæmt staflíð b) í 2. mgr. 5. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól ber Eftirlitsstofnun EFTA að gefa út auglýsingar eða leiðbeiningar um mál sem EES-samningurinn fjallar um ef sá samningur eða samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól kveða skýrt á um slíkt eða stofnunin álitur það nauðsynlegt.

Málsmeðferðar- og efnisreglur á sviði ríkisaðstoðar hlutu samþykki Eftirlitsstofnunar EFTA 19. janúar 1994 <sup>(4)</sup>.

Hinn 27. október 2009 birti framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (hér nefnd „framkvæmdastjórnin“) orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um beitingu ríkisaðstoðarreglna gagnvart rekstri útvarpsþjónustu í almannabágu <sup>(5)</sup>.

Þessi orðsending framkvæmdastjórnarinnar varðar einnig Evrópska efnahagssvæðið.

Tryggja ber að EES-reglum um ríkisaðstoð sé beitt á sama hátt hvarvetna á Evrópska efnahagssvæðinu.

Samkvæmt ákvæðum II. liðar undir fyrirsögninni „ALMENNT“ í lok XV. viðauka við EES-samninginn ber Eftirlitsstofnun EFTA, að höfðu samráði við framkvæmdastjórn EB, að samþykkja gerðir sem samsvara þeim sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt.

Eftirlitsstofnun EFTA leitaði samráðs við framkvæmdastjórnina og EFTA-ríkin með bréfum um þetta efni sem dagsett voru 26. janúar 2010 (skjalnr. 543973, 543974 og 543997).

<sup>(1)</sup> [Á ekki við í íslenska textanum.]

<sup>(2)</sup> Hér nefndur „EES-samningurinn“.

<sup>(3)</sup> Hér nefndur „samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“.

<sup>(4)</sup> Leiðbeinandi reglur um beitingu og túlkun 61. og 62. gr. EES-samningsins og 1. gr. bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti 19. janúar 1994 og birtar voru í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* (nú *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*; hér eftir: Stjtið. EB eða Stjtið. ESB) L 231, 3.9.1994, bls. 1, og EES-viðbæti nr. 32, 3.9.1994, bls. 1, með áorðnum breytingum. Nefnast hér „leiðbeinandi reglur um ríkisaðstoð“. Dagrætt gerð leiðbeinandi reglna um ríkisaðstoð er birt (á ensku) á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA: <http://www.eftasurv.int/state-aid/legal-framework/state-aid-guidelines>.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB C 257, 27.10.2009, bls. 1.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Ákvæði leiðbeinandi reglna um ríkisaðstoð breytast þannig að við bætist nýr kafli um beitingu ríkisaðstoðarreglna gagnvart rekstri útvarpsþjónustu í almannabágu. Nýi kafli er birtur í viðauka við ákvörðun þessa.

*2. gr.*

Fullgild er aðeins ensk útgáfa þessarar ákvörðunar.

Gjört í Brussel 3. febrúar 2010.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

***Per Sanderud***

Forseti

***Kurt Jaeger***

Stjórnarmaður

## VIÐAUKI

**Beiting ríkisaðstoðarreglna gagnvart rekstri útvarpsþjónustu í almannabágu <sup>(1)</sup>****1. Inngangur og gildissvið**

1. Útvarpsstarfsemi hefur tekið miklum breytingum undanfarna þrjú áratugi. Afnáam einkaréttar, tilkoma nýrra fjölmiðlafyrirtækja og hraðar tækniframfarir hafa leitt til grundvallarbreytinga á samkeppnisumhverfi. Leyfi til sjónvarpssendinga voru lengi takmörkuð. Þau voru frá upphafi að mestu í höndum ríkisfyrirtækja sem nutu einokunarstöðu, aðallega sökum þess að lítið framboð var á útsendingartíðni og að nýliðum var haldið frá markaðnum.
2. Á 8. áratugnum urðu hins vegar breytingar á efnahagsumhverfi og tækni sem gerðu EFTA-ríkjunum smám saman auðveldara að leyfa öðrum fyrirtækjum að stunda útvarpssendingar. Stjórnvöld í EFTA-ríkjunum hafa því farið þá leið að koma á samkeppni á þessum markaði. Sú ákvörðun hefur leitt til þess að neytendum býðst nú meira úrval þar sem framboð á rásum hefur aukist og ný þjónusta komið fram. Hún hefur jafnframt stuðlað að stofnun og vexti öflugra útvarpsfyrirtækja í Evrópu, þróun nýrrar tækni og meiri fjölbreytni innan greinarinnar, og er þar átt við meira en aðeins aukið framboð á nýjum rásum og nýrri þjónustu. Samhliða því að koma á samkeppni á markaðnum töldu stjórnvöld í EFTA-ríkjunum rétt að halda áfram rekstri útvarpsþjónustu í almannabágu í því skyni að tryggja útsendingar á tilteknum svæðum og þjóna þörfum og opinberum stefnumiðum sem óvíst þótti að sinna mætti nægilega vel á annan hátt.
3. Jafnframt þessu hefur sú staða að samkeppni fer vaxandi samhliða áframhaldandi rekstri ríkisstyrktra útvarpsfyrirtækja einnig valdið vaxandi áhyggjum meðal einkafyrirtækja af því að þau njóti ekki jafnræðis á markaði, og hafa þau vakið máls á þessu við Eftirlitsstofnun EFTA. Þessar kvartanir lúta að ætluðum brotum á 59. og 61. gr. EES-samningsins í tengslum við fjárveitingar hins opinbera til útvarpsrekenda í almannabjónustu.
4. Áðurgildandi kafli leiðbeinandi reglna um ríkisaðstoð um beitingu ríkisaðstoðarreglna gagnvart rekstri almannabjónustuútvarps <sup>(2)</sup> hafði að geyma fyrsta regluverkið um ríkisstyrki til útvarpsþjónustu í almannabágu. Ákvæði hans hafa reynst Eftirlitsstofnun EFTA góður grundvöllur við meðferð mála sem varða fjárveitingar til útvarpsrekenda í almannabjónustu.
5. Samhliða þessu hafa orðið tækniframfarir sem hafa leitt af sér grundvallarbreytingar á mörkuðum fyrir útvarp og hljóð- og myndfni. Fram hafa komið margar nýjar dreifingaraðferðir og margs konar ný tækni, svo sem stafrænt sjónvarp, netsjónvarp (IPTV), sjónvarp fyrir fartæki og pöntunarsjónvarp. Afleiðingin hefur verið aukin samkeppni með þátttöku nýrra markaðsaðila á borð við netveitur og fyrirtæki sem veita þjónustu yfir netið. Tækniþróunin hefur einnig orðið til þess að fram hafa komið nýjar tegundir fjölmiðlunarþjónustu, til að mynda upplýsingaþjónusta á netinu og þjónusta sem er „ólinuleg“, þ.e. veitt að beiðni einstakra notenda. Nú á sér stað samruni hljóð- og myndþjónustu og stendur neytendum í æ ríkara mæli til boða margvísleg þjónusta á sama tæknigrunni eða í sama tæki, eða að nálgast eina og sömu þjónustuna á ólíkum tæknigrunnum eða í mismunandi tækjum. Neytendur eiga um sífellt fleiri leiðir að velja þegar að því kemur að nálgast fjölmiðlaefni og hefur það leitt til mjög aukins framboðs á þjónustu á sviði hljóð- og myndmiðlunar auk uppbrots áhorfendahópsins. Ný tækni hefur gert beina þátttöku neytenda auðveldari. Hefðbundin fjölmiðlanotkun án virkrar þátttöku hefur smám saman vikið fyrir virkri þátttöku neytenda og meiri stjórn þeirra á efnisvali. Útvarpsrekendur, bæði í einkaeigu og opinberri eigu, hafa brugðist við þessum nýju úrlausnarefnum með því að gera starfsemi sína fjölbreyttari, taka upp nýjar dreifileiðir og breikka þjónustuframboðið. Nú síðast hefur aukin fjölbreytni þeirrar starfsemi útvarpsrekenda í almannabjónustu sem nýtur opinberrar fjármögnunar (m.a. dreifing efnis á netinu og útsending á rásum fyrir sérstök áhugasvið) orðið tilefni kvartana frá öðrum markaðsaðilum, þar á meðal útgefendum.

<sup>(1)</sup> Þessi kafli samsvarar orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um beitingu ríkisaðstoðarreglna gagnvart rekstri útvarpsþjónustu í almannabágu, sjá Stjtið. ESB C 257, 27.10.2009, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Samþykktur með ákvörðun 90/04/COL frá 23. apríl 2004 um fertugustu og sjöttu breytingu á málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar sem er fölginn í innfellingunni nýs kafla sem er tölusettur 24C: Beiting ríkisaðstoðarreglna gagnvart rekstri almannabjónustuútvarps, Stjtið. ESB L 327, 13.12.2007, bls. 21, og EES-viðbætur nr. 59, 13.12.2007, bls. 1.

6. Í dómi sínum frá árinu 2003 í *Altmark*-málinu <sup>(3)</sup> gerði Dómstóll Evrópusambandsins (hér nefndur „Dómstóllinn“) grein fyrir skilyrðum sem fullnægja þarf til að endurgjald fyrir almannaþjónustu teljist ekki ríkisaðstoð. Árið 2005 samþykkti Eftirlitsstofnun EFTA nýjan kafla um ríkisaðstoð sem er fölginn í endurgjaldi fyrir almannaþjónustu <sup>(4)</sup> og var hann felldur inn í leiðbeinandi reglur stofnunarinnar um ríkisaðstoð. Þá var ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/842/EB frá 28. nóvember 2005, um beitingu 2. mgr. 86. gr. EB-sáttmálans gagnvart ríkisaðstoð í formi bóta til tiltekinna fyrirtækja sem veita opinbera [*sic*] þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu <sup>(5)</sup> felld inn í EES-samninginn árið 2006 sem gerðin sem um getur í lið 1h í XV. viðauka við EES-samninginn, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun 1 við þann samning (hér nefnd „ákvörðun 2005/842/EB“) <sup>(6)</sup>. Í EFTA-rikinum er nú unnið að innfellingu tilskipunar 2007/65/EB (tilskipunar um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu) <sup>(7)</sup> en með henni er gildissvið EES-reglna á sviði hljóð- og myndmiðlunar rýmkað þannig að það taki til hljóð- og myndmiðlunarþjónustu af því tagi sem nú er að koma fram.
7. Þessar breytingar á markaðsaðstæðum og gildandi lagaákvæðum valda því að nauðsynlegt er að endurnýja kaflann um beitingu ríkisaðstoðarreglna gagnvart rekstri útvarpsþjónustu í almannaþágu. Í Aðgerðaáætlun um ríkisaðstoð frá árinu 2005 <sup>(8)</sup> var tekið fram að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (hér nefnd „framkvæmdastjórnin“) myndi „endurskoða orðsendingu sína um beitingu ríkisaðstoðarreglna gagnvart rekstri útvarpsþjónustu í almannaþágu. Vaknað hafa ný álitamál sem snúa að því hvernig afmarka beri þá starfsemi sem telst til almannaþjónustu, einkum í tengslum við þróun nýrrar stafrænnar tækni og þjónustu sem er veitt á netinu“.
8. Á árunum 2008 og 2009 tóku Eftirlitsstofnun EFTA og stjórnvöld í EFTA-rikinum þátt í opinberu samráði framkvæmdastjórnarinnar um endurskoðun á orðsendingunni frá árinu 2001 um beitingu ríkisaðstoðarreglna gagnvart rekstri útvarpsþjónustu í almannaþágu <sup>(9)</sup>. Kaflinn, sem hér birtist, hefur að geyma samantekt á málaframkvæmd framkvæmdastjórnarinnar og Eftirlitsstofnunar EFTA á sviði ríkisaðstoðar með tilliti til þess hvernig hún muni nýta st í framtíðinni, og hefur þar verið byggt á athugasemdum sem bárust í samráðsferlinu. Í kaflanum er lýst þeim meginþingarmíðum sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur til hliðsjónar við beitingu ákvæða 61. gr. og 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins gagnvart opinberum fjárveitingum til að standa undir hljóð- og myndþjónustu á vegum útvarpsrekenda <sup>(10)</sup>, að teknu tilliti til þeirra breytinga sem orðið hafa á markaðsaðstæðum og lagaumhverfi að undanfögnu. Ákvæði kaflans, sem hér birtist, gilda með fyrirvara um beitingu reglna innra markaðarins svo og grundvallarréttindi á sviði útvarpsrekstrar.
- 2. Hlutverk útvarpsþjónustu í almannaþágu**
9. Þótt útvarpsþjónusta í almannaþágu hafi augljósa þýðingu í efnahagslegu samhengi er hún ekki sambærileg við almannaþjónustu í nokkurri annari atvinnugrein. Engin önnur þjónusta er til sem nær samtímis til jafnstórs hluta landsmanna, veitir honum aðgang að jafnmiklu úrvali fróðleiks og dagskrárefnis og nær á þann hátt að miðla bæði einstaklingsbundnum skoðunum og almenningssáliti og hafa þar mótandi áhrif.
10. Auk þessa er útvarp að jafnaði talið afar áreiðanleg fréttaveita, og allmargir leita fyrst og fremst þangað um upplýsingar. Útvarp eflir þannig almenna umræðu og getur, þegar lengra er lítið, tryggt öllum þjóðfélagsþegnum nokkra aðild að skoðanaskiptum á opinberum vettvangi. Í þessu

<sup>(3)</sup> Mál C-280/00 *Altmark Trans GmbH og Regierungspräsidium Magdeburg gegen Nahverkehrsgesellschaft Altmark GmbH* (Altmark), dómasafn 2003, bls. I-7747.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 109, 26.4.2007, bls. 44, og EES-viðbætur nr. 20, 26.4.2007, bls. 1, jafnframt birtur á vefsetri stofnunarinnar: <http://www.eftasurv.int/?1=1&showLinkID=16997&1=1>.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 312, 29.11.2005, bls. 67.

<sup>(6)</sup> Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 91/2006, Stjtið. ESB L 289, 19.10.2006, bls. 31, og EES-viðbætur nr. 52, 19.10.2006, bls. 24, gildistökudagur 8. júlí 2006.

<sup>(7)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/65/EB frá 11. desember 2007 um breytingu á tilskipun ráðsins 89/552/EBE um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkinum um sjónvarpsrekstur, Stjtið. ESB L 332, 18.12.2007, bls. 27.

<sup>(8)</sup> COM(2005) 107 endanl.

<sup>(9)</sup> Stjtið. EB C 320, 15.11.2001, bls. 5. Sú orðsending samsvarar áðurgildandi kafla um beitingu ríkisaðstoðarreglna gagnvart rekstri almannaþjónustuútvarps sem hlaut samþykki Eftirlitsstofnunar EFTA 23. apríl 2004, sjá 2. nmgr.

<sup>(10)</sup> Í þessum kafla vísar hugtakið „hljóð- og myndþjónusta“ til línulegrar og/eða ólínulegrar útsendingar á hljóðefni og/eða hljóð- og myndefni svo og skyldrar þjónustu á borð við upplýsingar sem veittar eru á netinu í textaformi. Nauðsynlegt er að gera greinarmun á þessu hugtaki, „hljóð- og myndþjónusta“, og öðru þrengra hugtaki, „hljóð- og myndmiðlunarþjónusta“, eins og það er skilgreint í staflíð a) í 1. gr. tilskipunar 2007/65/EB (tilskipuninni um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu)

tilliti skiptir höfuðmáli að tryggja með einhverjum hætti sjálfstæði útvarpsrekenda í samræmi við meginregluna um tjáningarfrelsi eins og henni er lýst í 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, en þar er um að ræða almenna lagareglu sem Dómstóllinn tryggir að farið sé eftir <sup>(11)</sup>.

11. Markmiðið með því að halda úti almannaþjónustu <sup>(12)</sup> í almennum skilningi er viðurkennt í EES-samningnum. Mikilvægasta ákvæðið að þessu leyti er 2. mgr. 59. gr., en hún hljóðar svo:

„Reglur samnings þessa, einkum reglurnar um samkeppni, gilda um fyrirtæki sem falið er að veita þjónustu er hefur almenna efnahagslega þýðingu eða eru í eðli sínu fjáröflunareinkasölur, að því marki sem beiting þeirra kemur ekki í veg fyrir að þau geti að lögum eða í raun leyst af hendi þau sérstöku verkefni sem þeim eru falin. Þróun viðskipta má ekki raska í þeim mæli að það stríði gegn hagsmunum samningsaðilanna.“

12. Mikilvægi útvarpsþjónustu í almannabágu að því er varðar félagsleg skilyrði, lýðræði og menningarstarf var ítrekað í gerðinni sem um getur í 33. lið XI. viðauka við EES-samninginn (Ályktun ráðsins og fulltrúa ríkisstjórna aðildarríkjanna, sem komu saman á vegum ráðsins, frá 25. janúar 1999 um opinberan útvarpsrekstur) <sup>(13)</sup>, sbr. aðlögunarákvæði í bókun 1 við samninginn (hér nefnd „ályktunin um almannaútvarp“) <sup>(14)</sup>. Í ályktuninni um almannaútvarp er eftirfarandi tekið fram: „Nauðsynleg forsenda þess að geta uppfyllt sérstakar kvaðir opinbers útvarpsrekstrar er viðtækur almennur aðgangur að mismunandi rásum og þjónustu, án mismununar og á grundvelli jafna tækifæra.“ Útvarpsþjónusta í almannabágu þarf jafnframt „að njóta góðs af tækniþróun“, „veita almenningi hlutdeild í nýrri hljóð- og myndmiðlunarþjónustu, upplýsingaþjónustu og nýrri tækni“ og stuðla að „þróun og fjölbreytileika starfseminnar á hinni stafrænu öld“. Loks þarf slík þjónusta „áfram [að] vera fær um að bjóða samfélaginu í heild fjölbreytta dagskrá, í samræmi við kvaðir sínar eins og aðildarríkin skilgreina þær. Í þessu sambandi er rétt að opinberir útvarpsrekstraraðilar leitist við að ná til stórs hóps áhorfenda eða áheyrenda“.

13. Þýðing útvarpsþjónustu í almannabágu í tengslum við starf við að efla menningarlega fjölbreytni var einnig viðurkennt í UNESCO-samningi frá árinu 2005 um að vernda og styðja við fjölbreytileg menningarleg tjáningarform <sup>(15)</sup>. Í samningnum kemur fram að hverjum samningsaðila sé heimilt „að samþykka ráðstafanir sem miða að því að vernda og styðja við fjölbreytileg menningarleg tjáningarform á yfirráðasvæði sínu“. Undir slíkar ráðstafanir geti m.a. fallið „ráðstafanir sem miða að því að auka fjölbreytni í fjölmiðlun, þ.m.t. með almannaútvarpi“ <sup>(16)</sup>.

14. Þessi grundvallargildi útvarpsþjónustu í almannabágu skipta ekki minna máli í hinu hraðbreytilega umhverfi nýmiðlanna. Áhersla á þetta kemur einnig fram í tvennum tilmælum Evrópuráðsins, annars vegar um fjölræði í fjölmiðlum og fjölbreytni í efnisvali þeirra <sup>(17)</sup> og hins vegar um hlutverk almannamiðla í upplýsingasamfélaginu <sup>(18)</sup>. Í síðarnefndu tilmælunum eru aðildarríki Evrópuráðsins hvött til þess „að tryggja að almannamiðlar [...] starfi á gagnsæjan hátt og beri tilhlýðilega ábyrgð“ og „að gera almannamiðlum kleift að takast á við úrlausnarefni upplýsingasamfélagsins óhindrað og með góðum árangri, að teknu tilliti til tvískiptingar rafræns fjölmiðla-markaðar í Evrópu milli opinbers rekstrar og einkarekstrar og með hliðsjón af atriðum sem varða frjálstan markað og samkeppni“.

15. Þess ber einnig að geta að þrátt fyrir ofangreint geta útvarpsfyrirtæki, sem starfrækt eru í ábata-skygni, en sum þeirra lúta almannaðjónustukvöðum, einnig stuðlað á áhrifaríkan hátt að markmiðum ályktunarinnar um almannaútvarp ef starfsemi þeirra er þess eðlis að hún stuðlar að fjölræði, eflir umræðu um menningu og stjórnmál og breikkar úrval dagskrárefnis. Þá hafa dagblöð og

<sup>(11)</sup> Mál C-260/89 *ERT*, dómasafn 1991, bls. 1-2925.

<sup>(12)</sup> Að því er ákvæði þessa kafla varðar verður að líta svo á að í hugtakinu „almannaðjónusta“ sé falin vísan til hugtaksins „þjónusta er hefur almenna efnahagslega þýðingu“ eins og það er notað í 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins.

<sup>(13)</sup> Stjótið. EB C 30, 5.2.1999, bls. 1.

<sup>(14)</sup> Ályktunin um almannaútvarp var felld inn í EES-samninginn, sem gerð sem samningsaðilar skulu taka mið af, með ákvörðun nr. 118/1999, Stjótið. EB L 325, 21.12.2000, bls. 33, og EES-viðbætur nr. 60, 21.12.2000, bls. 423 (íslenska) og bls. 424 (norska), gildistökudagur 1. október 1999.

<sup>(15)</sup> UNESCO-samningurinn um að vernda og styðja við fjölbreytileg menningarleg tjáningarform var undirritaður í París hinn 20. október 2005. Hann hefur síðan öðlast fullgildingu í Noregi og samþykki á Íslandi.

<sup>(16)</sup> Sbr. 6. gr. (1. mgr. og staflíð h) í 2. mgr.) UNESCO-samningsins um að vernda og styðja við fjölbreytileg menningarleg tjáningarform.

<sup>(17)</sup> Tilmæli ráðherranefndarinnar til aðildarríkjanna CM/Rec(2007)2 um fjölræði í fjölmiðlum og fjölbreytni í efnisvali þeirra, sem samþykkt voru 31. janúar 2007 á 985. fundi fulltrúa ráðherra.

<sup>(18)</sup> Tilmæli ráðherranefndarinnar til aðildarríkjanna CM/Rec(2007)3 um hlutverk almannamiðla í upplýsingasamfélaginu, sem samþykkt voru 31. janúar 2007 á 985. fundi fulltrúa ráðherra.

aðrir prentmiðlar einnig mikilvægu hlutverki að gegna við að miðla hlutlægum upplýsingum til almennings og tryggja lýðræði. Með hliðsjón af því að fjölmiðlafyrirtæki af þessu tagi keppa nú við útvarpsrekendur á netinu eiga allir slíkir miðlar, sem starfræktir eru í ábataskyni, hagsmuna að gæta með tilliti til þess að ríkisaðstoð við útvarpsrekendur í almannajónustu getur verið dragbítur á nýjungar í rekstri fyrirtækjanna. Eins og áréttað er í tilskipun 2007/65/EB (tilskipuninni um hljóð- og myndmiðlunarjónustu) er „samhliða rekstur hljóð- og myndmiðlunarjónustu í einkaeigu og eigu hins opinbera [...] eitt af sérkennum evrópska hljóð- og myndmiðlunarmarkaðarins.“ Raunar er það í þágu sameiginlegra hagsmuna að gott framboð haldist einnig í hinu síbreytilega fjölmiðlaumhverfi nútímans á miðlum þar sem jafnvægi ríkir milli fyrirtækja í einkaeigu og þeirra sem eru í eigu hins opinbera.

### 3. Lagaumhverfi

16. Margir mismunandi þættir koma til athugunar þegar ríkisaðstoðarreglum er beitt gagnvart rekstri útvarpsjónustu í almannabágu. Mat á ríkisaðstoð hvílir á ákvæðum 61. gr. EES-samningsins um ríkisaðstoð svo og ákvæðum 2. mgr. 59. gr. samningsins sem snúa að því hvernig reglum samningsins, og þá sérstaklega samkeppnisreglum, er beitt gagnvart jónustu er hefur almenna efnahagslega þýðingu. Í bókun 3 við samning milli EFTA-rikkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (hér nefnd „bókun 3“) er kveðið á um málsmeðferðarreglur sem fylgja ber í ríkisaðstoðarmálum.
17. Í EES-samningnum er hvorki að finna ákvæði sem er hliðstætt 167. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (áður 151. gr. EB-sáttmálans) og lýtur að menningu né ákvæði um „undanþágu á menningarforsendum“ vegna aðstoðar til stuðnings menningarstarfi sem er hliðstætt staflíð d) í 3. mgr. 107. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (áður staflíður d) í 3. mgr. 87. gr. EB-sáttmálans). Það merkir þó ekki að loku sé skotið fyrir að veita undanþágu af þessu tagi. Eins og Eftirlitsstofnun EFTA hefur fallist á í eldri málum er hugsanlegt að heimila slíka aðstoð á menningarforsendum með vísan til staflíðar c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins <sup>(19)</sup>.
18. Reglur um „hljóð- og myndmiðlunarjónustu“ hafa verið samhæfðar á vettvangi Evrópusambandsins með tilskipun 2007/65/EB (tilskipun um hljóð- og myndmiðlunarjónustu). Áskilnaður um gagnsæi í fjármálum opinberra fyrirtækja ræðst af gerðinni sem um getur í lið 1a í XV. viðauka við EES-samninginn (*Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/111/EB frá 16. nóvember 2006 um gagnsæi fjármálatengsla milli aðildarrikkjanna og opinberra fyrirtækja, svo og gagnsæi í fjármálum tiltekinna fyrirtækja*) <sup>(20)</sup>, sbr. aðlögunarákvæði í bókun 1 við samninginn (hér nefnd „tilskipun 2006/111/EB (gagnsæistilskipunin)“ <sup>(21)</sup>).
19. Þessi ákvæði eru háð túlkun EFTA-dómstólsins í „EFTA-stoðinni“ og túlkun Dómstólsins í „Evrópusambandsstoðinni“. Þá hefur Eftirlitsstofnun EFTA gefið út ýmsar leiðbeinandi reglur um beitingu ríkisaðstoðarreglna sem samsvara hliðstæðum orðsendingum framkvæmdastjórnarinnar. Þar er einkum að nefna að árið 2005 gaf stofnunin út kaflann um ríkisaðstoð sem er fölginn í endurgjaldi fyrir almannajónustu og árið 2006 var felld inn í EES-samninginn ákvörðun 2005/842/EB, en hún hefur að geyma ákvæði sem skýra áskilnað 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins. Sú ákvörðun gildir einnig á sviði útvarpsrekstrar að því tilskildu að fullnægt sé skilyrðum samkvæmt staflíð a) í 1. mgr. 2. gr. ákvörðunar 2005/842/EB <sup>(22)</sup>.

<sup>(19)</sup> Sbr. til dæmis ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 180/09/COL frá 31. mars 2009 um reglur um aðstoð til framleiðslu á hljóð- og myndefni og ritunar handrita og til fræðslustarfs, Stjtið. ESB C 236, 1.10.2009, bls. 5, og EES-viðbætur nr. 51, 1.10.2009, bls. 17. Sbr. einnig kaflann um ríkisaðstoð til gerðar kvikmynda og annarra hljóð- og myndverka í leiðbeinandi reglum Eftirlitsstofnunar EFTA, sem var samþykktur með ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 788/08/COL frá 17. desember 2008 um sextugustu og sjöundu breytingu á málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar sem felur í sér að breytingar eru gerðar á köflunum um viðmiðunar- og afreiknivexti og ríkisaðstoð sem er veitt sem ábyrgðir og að inn eru felldir nýir kaflar um endurheimtu ríkisaðstoðar sem er ólögmæt og ósamrýmanleg ákvæðum EES-samningsins, um ríkisaðstoð til framleiðslu kvikmynda og annarra hljóð- og myndverka og um ríkisaðstoð við járnbrautafélög. Ákvörðunin biður birtingar en er tiltæk á vefsetri stofnunarinnar: <http://www.eftasurv.int/?1=1&showLinkID=15643&1=1>.

<sup>(20)</sup> Stjtið. ESB L 318, 17.11.2006, bls. 17.

<sup>(21)</sup> Ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 55/2007, Stjtið. ESB L 266, 11.10.2007, bls. 15, og EES-viðbætur nr. 48, 11.10.2007, bls. 12, gildistökudagur 9. júní 2007.

<sup>(22)</sup> Samkvæmt staflíð a) í 1. mgr. 2. gr. ákvörðunar 2005/842/EB gildir hún um ríkisaðstoð sem veitt er sem „bætur fyrir opinbera jónustu [þ.e. endurgjald fyrir almannajónustu] til fyrirtækja þar sem meðalvæltan fyrir skatta, að allri starfsemi meðtalinni, er minni en 100 milljónir evra á ári næstu tvö ár á undan árinu þegar því var úthlufur jónust[u] sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu, og sem fá minna en 30 milljónir evra í bætur á ári fyrir viðkomandi jónustu“.



#### 4. Gilda ákvæði 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins?

##### 4.1. Ríkisaðstoðarhlíð ríkisfjármögnunar í þágu útvarpsrekenda í almannajónustu

20. Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins er aðeins um ríkisaðstoð að ræða ef eftirtöldum skilyrðum er fullnægt: a) aðstoðin verður að tengjast afskiptum ríkisins eða notkun ríkisfjármuna, b) afskiptin verða að vera til þess fallin að hafa áhrif á viðskipti milli aðildarríkja EES-samningsins, c) aðstoðin verður að hafa í för með sér ávinning fyrir aðstoðarþegann, d) hún verður að raska eða vera til þess fallin að raska samkeppni <sup>(23)</sup>. Mat á því hvort um ríkisaðstoð er að ræða verður að byggjast á hlutlægum forsendum og taka mið af dómaframkvæmd Dómstólsins og EFTA-dómstólsins.
21. Við mat á því hvort afskipti hins opinbera fela í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins eru það áhrif slíkra afskipta sem skipta máli, en ekki yfirlýstur tilgangur þeirra. Útvarpsrekendur í almannajónustu njóta venjulega fjárveitinga af ríkisfjárlögum eða gegnum afnotagjald sem eigendum viðtækja er skylt að greiða. Komið getur fyrir, við tiltekna aðstæður, að ríkið geri ráðstafanir til að auka eiginfé útvarpsrekenda í almannajónustu eða fella niður skuldir þeirra. Fjárhagslegar ráðstafanir af því tagi teljast venjulega gerðar að tilstuðlan hins opinbera og fela í sér tilflutning ríkisfjármuna <sup>(24)</sup>.
22. Almennt má einnig má líta svo á að fjármögnun hins opinbera í þágu útvarpsrekenda í almannajónustu hafi áhrif á viðskipti milli samningsaðila. Dómstóllinn hefur sett fram eftirfarandi skilgreiningu: „*Þegar aðstoð, sem greidd er á vegum ríkisins eða af ríkisfjármunum, styrkir fyrirtæki í sessi gagnvart öðrum fyrirtækjum sem keppa um viðskipti á bandalagsmarkaði verður að líta svo á að aðstoðin hafi áhrif á þau fyrirtæki.*“ <sup>(25)</sup>. Þannig háttar augljóslega til að því er varðar kaup og sölu á útsendingarrétti, en slík viðskipti eiga sér iðulega stað milli landa. Auglýsingar hafa einnig áhrif milli landa hjá þeim útvarpsrekendum í almannajónustu sem hafa heimild til að selja útsendingartíma fyrir auglýsingar, einkum á einsleitum málsvæðum sem ná yfir landamæri. Þá getur eignarhald útvarpsfyrirtækja, sem starfrækt eru í ábataskyni, verið með þeim hætti að eigendur komi frá fleiri en einu EES-riki. Þjónusta, sem veitt er á netinu, er sömuleiðis aðgengileg um allan heim að jafnaði.
23. Með tilliti til þess hvort ávinningur telst hafa verið veittur skýrði Dómstóllinn gildandi ákvæði á þann veg í *Altmark*-málinu að endurgjald fyrir almannajónustu skyldi ekki teljast ríkisaðstoð ef fjórum tilgreindum skilyrðum væri öllum fullnægt. Í fyrsta lagi verða að hvíla eiginlegar almannajónustukvaðir á fyrirtækinu sem þiggur endurgjaldið, og þær kvaðir verða að vera skýrt skilgreindar. Í öðru lagi verður að skilgreina fyrirfram og á hlutlægan og gagnsæjan hátt þær forsendur sem ráða útreikningi endurgjaldsins. Í þriðja lagi má endurgjaldið ekki vera hærra en svo að nægi til að mæta, að fullu eða að hluta, kostnaði af því að fullnægja almannajónustukvöðunum, að teknu tilliti til tekna sem koma á móti og eðlilegs hagnaðar. Lokaskilyrðið er að sé fyrirtækið, sem falið er að inna af hendi almannajónustukvaðir í tilteknu tilviki, ekki valið samkvæmt reglum um opinber innkaup með það að markmiði að velja þann bjóðanda sem sinnt getur þjónustunni með minnstum kostnaði fyrir þjóðfélagið, skal ákveða hversu hátt endurgjaldið skuli vera á grundvelli greiningar á þeim kostnaði sem fallið hefði til vegna almannajónustukvaðanna hjá dæmigerðu fyrirtæki sem er vel rekið og nægilega vel búið atvinnutækjum til að geta fullnægt kvöðunum.
24. Ef fjárveitingarnar fullnægja ekki ofangreindum skilyrðum að öllu leyti verður að líta svo á að þær feli í sér sértækt hagræði, þ.e. aðeins fyrir tiltekna útvarpsrekendur, og raski þannig samkeppni eða séu til þess fallnar að raska henni.

<sup>(23)</sup> Sameinuð mál T-309/04, T-317/04, T-329/04 og T-336/04 *TV2/Danmark* gegn *framkvæmdastjórn* (TV2), dómasafn 2008, bls. II-2935, 156. mgr.

<sup>(24)</sup> Að því er varðar úrskurð um hvort fjármögnun með afnotagjöldum skuli teljast notkun ríkisfjármuna sjá dóm í TV2-málinu, sbr. tilvísun hér á undan, 158.–159. mgr.

<sup>(25)</sup> Mál 730/79 *Philip Morris* gegn *framkvæmdastjórn*, dómasafn 1980, bls. 2671, 11. mgr., mál C-303/88 *Ítalska ríkið* gegn *framkvæmdastjórn*, dómasafn 1991, bls. I-1433, 27. mgr., mál C-156/98 *Þýska ríkið* gegn *framkvæmdastjórn*, dómasafn 2000, bls. I-6857, 33. mgr.

#### 4.2. Eðli aðstoðarinnar: eldri aðstoð og ný aðstoð

25. Fjármögnunarkerfunum, sem nú eru við lýði í EFTA-rikinum, var flestum komið á fót fyrir löngu. Eftirlitsstofnun EFTA verður því fyrst að ganga úr skugga um hvort líta megi á þessi kerfi sem „aðstoð sem er fyrir hendi“ eins og hún er skilgreind í 1. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3. Samkvæmt þessu ákvæði skal „Eftirlitsstofnun EFTA [...] í samvinnu við EFTA-rikin hafa stöðugt til skoðunar öll aðstoðarkerfi sem eru við lýði í þessum ríkjum. Hún skal leggja til við þau að þau geri viðeigandi ráðstafanir sem krafist [sic] er í samræmi við þróun eða framkvæmd EES-samningsins“.
26. Samkvæmt ákvæðum i. liðar staflíðar b) í 1. gr. II. hluta bókar 3 telst til eldri aðstoðar „... öll aðstoð sem var hafin fyrir gildistöku EES-samningsins í viðkomandi EFTA-rikinum, það er aðstoðarkerfi og stök aðstoð sem hafin var áður en EES-samningurinn öðlaðist gildi og er enn veitt“.
27. Samkvæmt ákvæðum v. liðar staflíðar b) í 1. gr. II. hluta bókar 3 telst einnig til eldri aðstoðar „aðstoð sem telst vera yfirstandandi aðstoð vegna þess að unnt er að sýna fram á að þegar hún kom til framkvæmda hafi hún ekki talist aðstoð heldur hafi hún orðið að aðstoð síðar vegna þróunar Evrópska efnahagssvæðisins, án breytinga af hálfu hlutaðeigandi EFTA-ríkis“.
28. Samkvæmt dómaframkvæmd Dómstólsins <sup>(26)</sup> ber Eftirlitsstofnun EFTA að ganga úr skugga um hvort breytingar hafa orðið á lagagrundvelli aðstoðarinnar eftir að farið var að veita hana. Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á að heppilegast sé að nálgast hvert einstakt mál á eigin forsendum <sup>(27)</sup> svo að hafa megi hliðsjón af öllum lagalegum og efnahagslegum hliðum útvarpskerfisins í viðkomandi EFTA-ríki.
29. Samkvæmt dómaframkvæmd í *Gibraltar-málinu* <sup>(28)</sup> ber ekki að líta svo á að sérhver breyting á eldri aðstoð hafi í för með sér að hún breytist í nýja aðstoð. Almenni dómstóllinn hefur orðað þetta svo: „Upprunalega kerfið verður ekki að nýju kerfi nema þegar breytingin varðar eiginleg efnisatriði þess. Ekki getur talist að um slíka efnislega breytingu sé að ræða ef nýja atriðið er aðgreinanlegt með skýrum hætti frá upphaflega kerfinu.“
30. Með hliðsjón af því, sem hér hefur verið rakið, hefur Eftirlitsstofnun EFTA venjulega litið til þess í ákvörðunum sínum a) hvort sú aðferð við fjármögnun útvarpsrekanda í almannajönustu, sem upphaflega var notuð, er eldri aðstoð samkvæmt reglunum í 26. og 27. mgr. hér á undan, b) hvort breytingar, sem gerðar eru síðar, snerta eiginleg efnisatriði upprunalegu ráðstöfunarinnar (þ.e. hvers eðlis ávinningurinn er eða hvert fjármunir eru sóttir, hver tilgangur aðstoðarinnar er, hverjir njóta hennar og hvaða starfsemi þeir hafa með höndum) eða varða fremur hrein formsatriði eða stjórnsýslulega þætti, og c) þegar síðari breytingar eru efnislegar, hvort unnt er að greina þær frá upprunalegu ráðstöfuninni, en þá má meta þær sérstaklega, eða hvort þær eru ekki aðgreinanlegar frá upprunalegu ráðstöfuninni með þeim afleiðingum að ráðstöfunin sem heild telst vera orðin ný aðstoð.

#### 5. Mat á því hvort ríkisaðstoðin er samrýmanleg ákvæðum 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins

31. Enda þótt mat á endurgjaldi, sem rennur til útvarpsrekanda í almannajönustu, fari venjulega fram á grundvelli ákvæða 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins geta undanþágur samkvæmt 3. mgr. 61. gr. samningsins að jafnaði einnig átt við á sviði útvarpsrekstrar, að því tilskildu að viðeigandi skilyrðum sé fullnægt.

<sup>(26)</sup> Mál C-44/93 *Namur-Les assurances du crédit SA* gegn *Office national du croûre og belgíska ríkinu*, dómasafn 1994, bls. I-3829.

<sup>(27)</sup> Sbr. til dæmis ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar í eftirtöldum málum: E 8/06 *Ríkisfjárveiting til VRT, flæmsks útvarpsrekanda í almannajönustu*, Stjtið. ESB C 143, 10.6.2008, bls. 7, E 4/05 *Ríkisaðstoð til fjármögnunar RTE og TNAG (TG4)*, Stjtið. ESB C 121, 17.5.2008, bls. 5, E 9/05 *Afnotagjöld sem renna til RAI*, Stjtið. ESB C 235, 23.9.2005, bls. 3, E 10/2005 *Afnotagjöld sem renna til France 2 og 3*, Stjtið. ESB C 240, 30.9.2005, bls. 20, E 8/05 *Spænska ríkisútvarpið RTVE*, Stjtið. ESB C 239, 4.10.2006, bls. 17, C 2/04 *Sérákvæðin fjármögnun í þágu hollenskra útvarpsrekanda í almannajönustu*, Stjtið. ESB L 49, 22.2.2008, bls. 1, C 60/99 *Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 10. desember 2003 um ríkisaðstoð sem stjórnvöld í Frakklandi hafa veitt France 2 og France 3*, Stjtið. ESB L 361, 8.12.2004, bls. 21, C 62/99 *Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 15. október 2003 um ráðstafanir ítalskra stjórnvalda í þágu RAI SpA*, Stjtið. ESB L 119, 23.4.2004, bls. 1, NN 88/98 *Fjármögnun fréttastöðvar án auglýsinga, með sólarhringsútsendingu, af afnotagjaldi BBC*, Stjtið. EB C 78, 18.3.2000, bls. 6, og NN 70/98 *Ríkisaðstoð sem veitt hefur verið sjónvarpsstöðvunum Kinderkanal og Phoenix*, Stjtið. EB C 238, 21.8.1999, bls. 3.

<sup>(28)</sup> Sameinuð mál T-195/01 og T-207/01 *Landsstjórn Gibraltar* gegn *framkvæmdastjórn* (Gibraltar), dómasafn 2002, bls. II-2309.

32. EES-samningurinn hefur ekki að geyma ákvæði sem samsvarar 4. mgr. 167. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, en þar er framkvæmdastjórninni gert skylt að taka mið af menningarþáttum í aðgerðum sínum samkvæmt öðrum ákvæðum sáttmálans, einkum með það í huga að virða og efla menningarlega fjölbreytni í Evrópusambandinu. Í samningnum er ekki heldur að finna ákvæði um „undanþágu á menningarforsendum“ sem er hliðstætt staflíð d) í 3. mgr. 107. gr. sáttmálans, en samkvæmt honum er framkvæmdastjórninni heimilt að líta á aðstoð til að stuðla að verndun menningar og menningararfleifðar sem samrýmanlega sameiginlega markaðnum, enda hafi slík aðstoð ekki þau áhrif á viðskiptaskilyrði og samkeppni í sambandinu að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum. Þetta þýðir þó ekki að við beitingu ríkisaðstoðarreglna sé ekkert svigrúm til að taka mið af menningarþáttum. Í EES-samningnum er að finna viðurkenningu á því að nauðsynlegt sé að efla samstarf á sviði menningar, sbr. 13. gr. bókunar 31. Í þessu tilliti er rétt að rifja upp að Eftirlitsstofnun EFTA hefur mótað þá afstöðu í ákvörðunum um ríkisaðstoð vegna kvikmyndagerðar og skyldrar starfsemi að samþykka megi ráðstafanir til að styðja gerð kvikmynda og annars hljóð- og myndefnis á grundvelli menningarþátta með vísan til staflíðar c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins, að því tilskildu að með þeirri nálgun sé tekið nægjanlegt tillit til viðmiða sem framkvæmdastjórnin hefur skilgreint og ekki farið á svig við þá málaframkvæmd framkvæmdastjórnarinnar sem tíðkaðist fyrir gildistöku staflíðar d) í 3. mgr. 107. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins <sup>(29)</sup>.
33. Það fellur í hlut Eftirlitsstofnunar EFTA að ákveða hvernig undanþáguákvæðinu í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins skuli beitt í reynd og með hvaða hætti skuli tekið tillit til menningarþátta. Hér skal áréttað að ákvæðin um undanþágur frá banninu við ríkisaðstoð verður að skýra þröngt. Stofnunin lítur því svo á að veita megi undanþágu á menningarforsendum þegar um er að ræða skýrt tilgreindar, eða skýrt tilgreinanlegar, menningarafurðir <sup>(30)</sup>. Þá er það afstaða Eftirlitsstofnunar EFTA að beita verði hugtakinu menningu með tilliti til inntaks og eðlis viðkomandi menningarafurðar, en ekki miðilsins eða dreifingarinnar sem slíkrar <sup>(31)</sup>. Við þetta bætist að greina verður milli þarfa EFTA-ríkis að því er varðar fræðslumál og lýðræði annars vegar og stuðnings við menningarstarf hins vegar <sup>(32)</sup>.
34. Þegar útvarpsrekendur í almannajónustu fá ríkisaðstoð er hún venjulega veitt óháð því hvort markmiðið er að þjóna þörfum þjóðfélagsins að því er varðar menningarstarf, lýðræði eða fræðslumál. Meginreglan er sú að ekki er unnt að fallast á veitingu slíkrar aðstoðar með vísan til staflíðar c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins nema ráðstöfunin beinist sérstaklega að markmiðum á sviði menningarmála. Ríkisaðstoð við útvarpsrekendur í almannajónustu er oftast veitt sem endurgjald fyrir að rækja almannajónustuhlutverkið og er þá metin samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins með vísan til viðmiðanna sem sett eru í þessum kafla.

## 6. Mat á því hvort ríkisaðstoðin er samrýmanleg ákvæðum 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins

35. Ákvæði 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins hljóðar svo: „Reglur samnings þessa, einkum reglurnar um samkeppni, gilda um fyrirtæki sem falið er að veita þjónustu er hefur almenna efnahagslega þýðingu eða eru í eðli sínu fjáröflunareinkasölur, að því marki sem beiting þeirra kemur ekki í veg fyrir að þau geti að lögum eða í raun leyst af hendi þau sérstöku verkefni sem þeim eru falin. Þróun viðskipta má ekki raska í þeim mæli að það stríði gegn hagsmunum samningsaðilanna.“
36. Það hefur verið ófrávikjanleg afstaða Dómstólsins að 106. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (áður 86. gr. EB-sáttmálans), sem samsvarar 59. gr. EES-samningsins, feli í sér heimild til undanþágu og því beri að túlka ákvæði hennar þröngt. Dómstóllinn hefur gert það ljóst að eigi tiltekin ráðstöfun að geta notið slíkrar undanþágu verði öllum eftirtöldum skilyrðum að vera fullnægt:

<sup>(29)</sup> Sbr. til dæmis ákvörðun 32/02/COL frá 20. febrúar 2002, ákvörðun 169/02/COL frá 18. september 2002, ákvörðun 186/03/COL frá 29. október 2003, ákvörðun 179/05/COL frá 15. júlí 2005 og ákvörðun 342/06/COL frá 14. nóvember 2006. Sbr. einnig kaflann um ríkisaðstoð til gerðar kvikmynda og annarra hljóð- og myndverka í leiðbeinandi reglum Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð.

<sup>(30)</sup> Sbr. til dæmis ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar í málum NN 88/98 *BBC 24-hours*, Stjtið. EB C 78, 18.3.2000, bls. 6, og NN 70/98 *Kinderkanal og Phoenix*, sjá tilvísun hér á undan.

<sup>(31)</sup> Sbr. til dæmis ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í máli N 458/2004 *Ríkisaðstoð í þágu Espacio Editorial Andaluza Holding sl.*, Stjtið. ESB C 131, 28.5.2005, bls. 12.

<sup>(32)</sup> Sbr. mál NN 70/98 *Kinderkanal og Phoenix*, sjá tilvísun hér á undan.

- i) Þjónustan, sem um ræðir, verður að teljast þjónusta er hefur almenna efnahagslega þýðingu og vera skilmerkilega skilgreind sem slík af hálfu aðildarríkisins (skilgreining) <sup>(33)</sup>.
- ii) Stjórnvöld í aðildarríkinu verða að hafa falið hlutaðeigandi fyrirtæki sérstakt umboð til að annast þjónustuna (umboðsveiting) <sup>(34)</sup>.
- iii) Beiting samkeppnisreglna sáttmálans (í þessu tilviki bannsins við ríkisaðstoð) verður að standa í vegi fyrir því að unnt sé að sinna þeim sérstöku verkefnum sem fyrirtækinu hafa verið falin, og undanþága frá slíkum reglum má ekki hafa áhrif á þróun viðskipta í þeim mæli að stríði gegn hagsmunum bandalagsins (meðalhófsskilyrðið) <sup>(35)</sup>.
37. Ofangreinda nálgun verður að laga að því sérstaka tilviki sem útvarpsþjónusta í almannabágu er með hliðsjón af ályktuninni um almannaútvarp, en þar er getið um „*almenn[ar] þjónustukvaðir sem þeim hafa verið faldar [sic] og hafa verið skilgreindar og skipulagðar af hverju aðildarríki*“ (skilgreining og umboðsveiting) og kveðið á um undanþágu frá reglum sáttmálans að því er varðar fjárveitingar til útvarpsþjónustu í almannabágu „*ad svo miklu leyti sem slík fjármögnun er veitt útvarpsfyrirtækjum þannig að þau geti uppfyllt [...] almenn[ar] þjónustukvaðir [...] og [...] hefur ekki áhrif á viðskiptakjör og samkeppni í bandalaginu að því marki sem myndi vera andstætt almannahagsmunum, þó þannig að tekið sé tillit til kvaða hinnar opinberu þjónustu*“ (meðalhóf).
38. Eftirlitsstofnun EFTA hefur það hlutverk að meta hvort þessi viðmið hafa náðst, með vísan til gagna sem berast frá stjórnvöldum í EFTA-ríkjunum. Að því er varðar skilgreiningu á almannaðjónustuhlutverkinu takmarkast hlutverk stofnunarinnar við athugun á því hvort augljós mistök hafa orðið (sjá undirkafla 6.1). Stofnunin athugar jafnframt hvort eiginleg umboðsveiting hefur átt sér stað og hvort virkt eftirlit er með því að almannaðjónustukvöðunum sé fullnægt (sjá undirkafla 6.2).
39. Mat Eftirlitsstofnunar EFTA á því hvort meðalhófsskilyrðinu hefur verið fullnægt lýtur að því hvort réttlæta megi samkeppnisröskun, sem greiðsla endurgjalds fyrir almannaðjónustu getur leitt til, með vísan til þarfarinnar á því að veita almannaðjónustuna og afla fjár til hennar. Stofnunin metur, einkum með hliðsjón af þeim gögnum sem stjórnvöldum í EFTA-ríkjunum er skylt að leggja fram, hvort nægilegar tryggingar eru fyrir því að komið verði í veg fyrir óhófleg áhrif af fjárveitingum ríkisins, ofgreiðslur og víxlstyrki, og að starfsemi útvarpsrekenda í almannaðjónustu lúti markaðslögmálum að því leyti sem hún er rekin í ábataskyni (sjá undirkafla 6.3 og áfram).
40. Greining á því hvort ákvæði um ríkisaðstoðina hafa verið virt verður að taka mið af sérstökum einkennum kerfisins sem við lýði er í hverju landi. Eftirlitsstofnun EFTA er ljóst hversu mikill munur er á útvarpskerfum eftir löndum svo og á fjölmiðlamörkuðum EFTA-ríkjanna að öðru leyti. Mat á því hvort ríkisaðstoð við útvarpsrekendur í almannaðjónustu getur talist samrýmanleg gildandi reglum með vísan til 2. mgr. 59. gr. fer því fram með tilliti til hvers máls sérstaklega í samræmi við málaframkvæmd framkvæmdastjórnarinnar og Eftirlitsstofnunar EFTA <sup>(36)</sup> og með hliðsjón af meginreglunum sem lýst er í eftirfarandi undirköflum.
41. Eftirlitsstofnun EFTA mun einnig taka tillit til þess að sumum EFTA-ríkjum getur reynst torvelt að afla nauðsynlegra fjármuna ef kostnaður af almannaðjónustunni á hvern íbúa er, að öðru jöfnu, hærri en annars staðar gerist <sup>(37)</sup>, en hafa jafnframt hliðsjón af þeim álitaeftum sem hugsanlega gætu vaknað með tilliti til annarra fjölmiðla í sömu EFTA-ríkjum.

<sup>(33)</sup> Sbr. mál 172/80 *Zuechner*, dómasafn 1981, bls. 2021.

<sup>(34)</sup> Sbr. mál C-242/95 *GT-Link*, dómasafn 1997, bls. 4449.

<sup>(35)</sup> Sbr. mál C-159/94 *EDF og GDF*, dómasafn 1997, bls. I-5815.

<sup>(36)</sup> Sbr. til dæmis ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar í eftirtöldum málum: E 8/06 *Ríkisfjárveiting til VRT, flæmsks útvarpsrekenda í almannaðjónustu*, Stjtið. ESB C 143, 10.6.2008, bls. 7, E 4/05 *Ríkisaðstoð til fjármögnunar RTE og TNAG (TG4)*, Stjtið. ESB C 121, 17.5.2008, bls. 5, E 3/05 *Aðstoð við útvarpsrekendur í almannaðjónustu í Þýskalandi*, Stjtið. ESB C 185, 8.8.2007, bls. 1, E 9/05 *Afnotagjöld sem renna til RAI*, Stjtið. ESB C 235, 23.9.2005, bls. 3, E 10/05 *Afnotagjöld sem renna til France 2 og 3*, Stjtið. ESB C 240, 30.9.2005, bls. 20, E 8/05 *Spænska ríkisútvarpið RTVE*, Stjtið. ESB C 239, 4.10.2006, bls. 17, C 2/04 *Sérákvæðnar fjárveitingar til útvarpsrekenda í almannaðjónustu í Hollandi*, Stjtið. ESB L 49, 22.2.2008, bls. 1. Sbr. einnig ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 306/09/COL frá 8. júlí 2009 um norska ríkisútvarpið, sem birt er á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA: <http://www.eflasurv.int/?1=1&showLinkID=16906&1=1>.

<sup>(37)</sup> Hliðstæð vandamál geta komið upp í rekstri almannaútvarps sem er ætlað að þjóna litlum tungumálahópum eða þörfum einstakra byggðarlaga.

42. Eins og ráða má af málaframkvæmd framkvæmdastjórnarinnar og Eftirlitsstofnunar EFTA ber, enda þótt tiltekin ráðstöfun fullnægi ekki öllum skilyrðum *Altmark*-dómsins, að greina hana í samræmi við 2. mgr. 106. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, samsvarandi 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins <sup>(38)</sup>.

### 6.1. Skilgreining á almannaþjónustuhlutverki

43. Til þess að fullnægt sé skilyrðinu, sem setja verður fyrir beitingu 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins skv. i. lið 36. mgr. hér á undan, er nauðsynlegt að fyrir liggi opinber skilgreining á almannaþjónustuhlutverkinu. Fyrir getur Eftirlitsstofnun EFTA ekki metið með nægilegri lagavissu hvort undanþága samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 59. gr. samningsins kemur til greina.
44. Það er á valdi EFTA-ríkjana að skilgreina almannaþjónustuhlutverkið og getur það ákvörðunarvald verið í höndum landsyfirvalda, héraðsstjórna eða sveitarstjórna í samræmi við lögjöf í hverju landi. Þegar stjórnvöld beita þessu valdi ber þeim að taka tillit til hugtaksins „þjónusta sem hefur almenna efnahagslega þýðingu“.
45. Stjórnvöld í EFTA-ríkjunum skulu skilgreina almannaþjónustuhlutverkið af ítrustu nákvæmni. Enginn vafi má ríkja um hvort tiltekin starfsemi fyrirtækisins, sem falið hefur verið að annast almannaþjónustu, hafi átt að falla undir almannaþjónustuhlutverkið eða ekki. Ef kvaðir, sem hvíla á viðkomandi útvarpsrekanda í almannaþjónustu, hafa ekki verið skýrt og nákvæmlega skilgreindar gerir það Eftirlitsstofnun EFTA ókleift að rækja skyldustörf sín samkvæmt 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins og getur hún því ekki veitt neina undanþágu samkvæmt því ákvæði.
46. Það skiptir einnig miklu fyrir fyrirtæki, sem annast ekki almannaþjónustu, að afmarkað sé með skýrum hætti hvaða starfsemi fellur undir almannaþjónustuhlutverkið, til þess að þau geti skipulagt starfsemi sína. Þá þurfa skilmálar, sem gilda um almannaþjónustuhlutverkið, að vera nægilega skýrir til þess að eftirlit stjórnvalda í EFTA-ríkjunum verði virkt, eins og lýst er í næsta undirkafla.
47. Á hinn bóginn er þess að geta að með vísan til sérstaks eðlis útvarpsrekstrar, og þess að standa þarf vörð um sjálfstæði útvarpsrekenda í almannaþjónustu að því er varðar dagskrárgerð, er ómagngreind skilgreining þar sem tilteknum útvarpsrekanda er lögð sú skylda á herðar að senda út efni af margvíslegu tagi og bjóða fram blandaða og fjölbreytta dagskrá venjulega talin fullgild með tilliti til 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins <sup>(39)</sup>. Að jafnaði er litið svo á að slík skilgreining samræmist því markmiði að þjóna þörfum tiltekins þjóðfélags að því er varðar lýðræði, félagsleg skilyrði og menningarstarf og tryggja að fjölræði ráði ferð, meðal annars þannig að dagskráin endurspegli fjölbreytni menningar og tungumála. Eins og Almenni dómstóllinn hefur tekið fram getur ekki talist réttmætt að halda úti almannaþjónustu sem skilgreind er svo rúmt nema áskilnaður sé gerður um gæði þjónustunnar sem viðkomandi útvarpsrekandi í almannaþjónustu innir af hendi <sup>(40)</sup>. Einnig má láta skilgreininguna á almannaþjónustuhlutverkinu endurspeglja þróun og aukna fjölbreytni þessarar starfsemi á tímum stafrænnar tækni þannig að hún taki til allrar hljóð- og myndmiðlunarþjónustu, hver sem dreifingaraðferðin er.
48. Að því er varðar skilgreiningu á almannaþjónustu á sviði útvarpsstarfsemi takmarkast hlutverk Eftirlitsstofnunar EFTA við athugun á því hvort augljós mistök hafa orðið. Til þess hlutverks heyrir hvorki að ákveða hvaða dagskrárefni skuli vera aðgengilegt og fjármagnað sem þjónusta sem hefur almenna efnahagslega þýðingu né að viðra efasemdir um hvers eðlis eða hversu vönduð tiltekin vara er. Aftur á móti væru það augljós mistök við skilgreiningu á almannaþjónustu ef undir hana væri felld starfsemi sem ekki er unnt að telja með góðum rökum að þjóni þörfum viðkomandi þjóðfélags að því er varðar lýðræði, félagsleg skilyrði og menningarstarf. Þá er að jafnaði átt við starfsemi á borð við auglýsingar, rafræna sölustarfsemi, sjónvarpssölu, notkun

<sup>(38)</sup> Sbr. ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar C 62/1999 *RAI*, 99. mgr., og C 85/2001 *RTP*, 158. mgr.

<sup>(39)</sup> Mál T-442/03 *SIC* gegn *framkvæmdastjórn*, dómásafn 2008, bls. II-1161, 201. mgr., og dómur í TV2-málinu, sjá tilvísun hér á undan, 122.–124. mgr.

<sup>(40)</sup> Að áliti Almenna dómstólsins eru það gæðaskilyrði af því tagi sem „gera það réttmætt að viðhalda þjónustu, sem telst hafa almenna efnahagslega þýðingu á sviði útvarpsrekstrar, í hljóð- og myndmiðlunargeira hvers lands“. Ekki séu „neinar forsendur fyrir rúmri skilgreiningu á þjónustu, sem telst hafa almenna efnahagslega þýðingu á sviði útvarpsrekstrar, ef vikið er frá þessum gæðaskilyrðum og þess í stað teknir upp rekstrarhættir fyrirtækis sem starfrækt er í ábataskyni“, sbr. *SIC* gegn *framkvæmdastjórn*, sjá tilvísun hér á undan, 211. mgr.

yfirgjaldsnúmera í símaleikjum þar sem verðlaun eru í boði <sup>(41)</sup> og kostun og sölu á vörumerktum varningi, svo dæmi séu tekin. Þá gætu það talist augljós mistök ef ríkisaðstoð væri notuð til að standa undir kostnaði við starfsemi sem leiðir ekki til virðisauka í þeim skilningi að hún þjóni þörfum þjóðfélagsins að því er varðar félagsleg skilyrði, lýðræði og menningarstarf.

49. Í þessu tilliti er nauðsynlegt að árétta að skilgreining á almannajónustuhlutverkinu felur í sér að lýsa þjónustunni sem veitt er í almannabágu. Gera verður greinarmun á því hvernig almannajónustuhlutverkið er skilgreint og hinu hvernig aflað er fjár til að veita þjónustuna. Því er það svo að enda þótt útvarpsrekendur í almannajónustu geti haft með höndum starfsemi sem er rekin í ábataskyni, til að mynda sölu auglýsingatíma í tekjuöflunarskyni, verður slík starfsemi ekki talin falla undir almannajónustuhlutverkið <sup>(42)</sup>.
50. Til þess að beita megi undanþágu á grundvelli 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins verður einu eða fleiri fyrirtækjum að hafa verið falið umboð til að sinna almannajónustuhlutverkinu með stjórnvaldsathöfn (til að mynda með löggjöf, samningi eða skipunarbréfi með bindandi skilmálum).
51. Umboðsskjalið skal hafa að geyma nákvæma lýsingu á almannajónustukvöðunum, í samræmi við undirkafla 6.1 hér á undan, og þar verður að koma fram hvaða skilyrðum endurgjaldið er bundið, svo og hvaða ráðstafanir eru gerðar til að forðast ofgreiðslur og varðandi endurgreiðslu þess sem ofgreitt kann að hafa verið.
52. Hvenær sem almannajónustuhlutverkið er rýmkað þannig að það taki til nýrrar þjónustu skal skilgreiningunni á því hlutverki svo og umboðsskjalinu breytt í samræmi við það, innan þeirra marka sem 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins setur. Til þess að gera útvarpsrekendum í almannajónustu kleift að bregðast skjótt við nýjungum í tæknilegum efnum geta stjórnvöld í EFTA-ríkjunum einnig farið þá leið að veita umboð til að annast nýja þjónustu í kjölfar matsins sem lýst er í undirkafla 6.7 hér á eftir, þ.e. áður en upprunalega umboðsskjalið er uppfært formlega.
53. Það er þó ekki nægilegt að útvarpsrekanda í almannajónustu sé falið formlega að inna af hendi vel skilgreinda almannajónustu. Nauðsynlegt er einnig að almannajónustunni sé sinnt í raun eins og kveðið er á um í formlegum samningi ríkisins og hlutaðeigandi fyrirtækis. Þess vegna er æskilegt að lögbært yfirvald eða stofnun, sem falið hefur verið slíkt hlutverk, hafi með höndum gagnsætt og skilvirkt eftirlit með framkvæmdinni. Þörfin á að fela eftirlitið lögbæru yfirvaldi eða stofnun af þessu tagi kemur skýrt í ljós þegar litið er til gæðastaðla sem hlutaðeigandi fyrirtæki er gert að fylgja. Eftirlitsstofnun EFTA getur ekki dæmt um hvort farið er að gæðastöðlum heldur verður hún að geta treyst því að fullnægjandi eftirlit fari fram af hálfu EFTA-ríkjanna með því að útvarpsrekandinn ræki almannajónustuhlutverkið og virði m.a. gæðastaðlana sem mælt er fyrir um í skilgreiningunni á því hlutverki <sup>(43)</sup>.
54. Stjórnvöld í hlutaðeigandi EFTA-ríki hafa frjálssar hendur um hvaða aðferðir eru notaðar til að tryggja virkt eftirlit með því að almannajónustukvaðir séu virtar og Eftirlitsstofnun EFTA þannig gert kleift að inna af hendi skyldustörf sín samkvæmt 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins. Eftirlitið getur aðeins talist virkt ef það er í höndum aðila sem er óháður stjórn viðkomandi útvarpsrekanda í almannajónustu í reynd og hefur þær valdheimildir og það bolmagn sem nauðsynlegt er til að halda uppi reglulegu eftirliti og fyrirskipa viðeigandi úrbætur þegar þess gerist þörf til að tryggja að almannajónustukvaðirnar séu virtar.
55. Ef ekki liggja fyrir nægar og áreiðanlegar vísbendingar um að almannajónustunni sé sinnt í raun eins og kveðið er á um í umboðsskjalinu gerir það Eftirlitsstofnun EFTA ókleift að rækja skyldustörf sín samkvæmt 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins og getur hún þá ekki veitt neina undanþágu samkvæmt því ákvæði.

<sup>(41)</sup> Að því er varðar flokkun símaleikja, meðal annars þar sem hringt er í yfirgjaldsnúmer, sem sjónvarpssölu eða auglýsinga samkvæmt tilskipun 2007/65/EB (tilskipun um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu) sbr. mál C-195/06 *Österreichischer Rundfunk (ORF)*, dómasafn 2007, bls. I-8817.

<sup>(42)</sup> Sbr. dóm í TV2-málinu, sjá tilvísun hér á undan, 107. og 108. mgr.

<sup>(43)</sup> Sbr. mál *SIC* gegn *framkvæmdastjórn*, sjá tilvísun í 212. mgr. hér á undan.

**6.3. Leiðir sem farnar eru við fjármögnun útvarpsþjónustu í almannabágu**

56. Almannaþjónustukvaðir geta varðað fjölda útsendingarstunda eða gæði útsends efnis, eða bæði þessi atriði. Hvernig sem kvöðunum er háttað getur viðeigandi endurgjald verið réttlætlanlegt ef þær hafa í för með sér viðbótarkostnað sem útvarpsrekandinn hefði að jafnaði ekki þurft að taka á sig.
57. Fjármögnunarleiðir eru aðallega af tvennum toga: „einföld fjármögnun“ og „samsett fjármögnun“. Í flokkinn „einföld fjármögnun“ falla kerfi sem byggjast á því að útvarpsþjónusta í almannabágu sé fjármögnuð af almannafé eingöngu, í hvaða mynd sem vera skal. Hugtakið „samsett fjármögnun“ nær yfir ýmis kerfi sem miðast við fjármögnun útvarpsþjónustu í almannabágu með mismunandi samsetningu ríkisfjármuna og tekna af starfsemi sem er rekin annaðhvort í ábataskyni eða sem almannaþjónusta, svo sem sölu auglýsingatíma eða dagskrárefnis og framboði á þjónustu sem veitt er gegn gjaldi.
58. Í ályktuninni um almannaútvarp er tekið fram að „[á]kvæði stofnsáttmála Evrópubandalagsins skuli [...] vera með fyrirvara um valdsvið aðildarríkjanna til að fjármagna opinberan útvarpsrekstur [...]“. Eftirlitsstofnun EFTA hefur því í meginatriðum ekkert við það að athuga þótt notast sé við samsetta fjármögnun fremur en einfalda.
59. Þó að stjórnvöld í EFTA-ríkjunum hafi frjálssar hendur um hvernig staðið er að fjármögnun útvarpsþjónustu í almannabágu ber Eftirlitsstofnun EFTA að sannreyna, í samræmi við 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins, að fjárveitingar ríkisins hafi ekki óhófllega mikil áhrif á samkeppnisskilyrði á Evrópska efnahagssvæðinu, eins og nefnt er í 37. mgr. hér á undan.

**6.4. Kröfur um gagnsæi í tengslum við mat á ríkisaðstoð**

60. Til þess að Eftirlitsstofnun EFTA geti metið ríkisaðstoðina verður að liggja fyrir skýr og nákvæm skilgreining á almannaþjónustuhlutverkinu og skýr og viðeigandi aðgreining verður að vera milli starfsemi sem telst til almannaþjónustu og annarrar starfsemi, m.a. skýr fjárhagslegur aðskilnaður.
61. Í flestum tilvikum er þegar kveðið á um fjárhagslegan aðskilnað almannaþjónustustarfsemi og annarrar starfsemi í landslögum, enda er slíkur aðskilnaður nauðsynlegur til að tryggja gagnsæi og ábyrgð við meðferð opinberra fjármuna. Fjárhagslegur aðskilnaður nýtist bæði sem verkfæri til að rannsaka meint tilvik um víxlstyrki og til að verja réttmætar greiðslur á endurgjaldi vegna starfsemi sem hefur almenna efnahagslega þýðingu. Rétt skipting útgjalda og tekna er eini grundvöllurinn sem unnt er að nota til að skera úr um hvort fjármögnun hins opinbera er í raun takmörkuð við hrein útgjöld vegna almannaþjónustuhlutverksins og því heimil samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins.
62. Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2006/111/EB (gagnsæistilskipunarinnar) er aðildarríkjunum skylt að gera ráðstafanir til að tryggja gagnsæi þegar um ræðir fyrirtæki sem ríkið hefur veitt sérstakan rétt eða einkarétt eða falið hefur verið umboð til að sinna þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, enda komi endurgjald af einhverju tagi fyrir þá almannaþjónustu, og sinnir einnig annari starfsemi, þ.e. starfsemi sem telst ekki til almannaþjónustu. Þessi áskilnaður um gagnsæi tekur til eftirtalinnna atriða: a) viðhafa ber aðskilnað í eigin reikningum fyrirtækisins eftir því hvort um er að ræða almannaþjónustu eða aðra starfsemi, b) standa verður rétt að skiptingu útgjalda og ráðstöfun tekna á grundvelli rekstrarbókhaldsreglna sem beitt er af samkvæmni og byggjast á hlutlægum forsendum og c) ekki má fara milli mála eftir hvaða rekstrarbókhaldsreglum aðskildir reikningar eru færðir <sup>(44)</sup>.
63. Þessi almenni áskilnaður um gagnsæi gildir einnig um útvarpsrekendur sem falið hefur verið að veita þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu gegn endurgjaldi frá hinu opinbera, hafi þeir einnig með höndum aðra starfsemi sem tengist ekki almannaþjónustu.
64. Í útvarpsrekstri er það engum sérstökum vandkvæðum bundið að viðhafa fjárhagslegan aðskilnað á tekjuhlíð. Eftirlitsstofnun EFTA lítur því svo á að á tekjuhlíð beri útvarpsrekendum að gera ítarlega grein fyrir uppruna og fjárhæð allra tekna af starfsemi sem telst til almannaþjónustu annars vegar og starfsemi sem tengist ekki almannaþjónustu hins vegar.

(44) Sbr. 4. gr. tilskipunar 2006/111/EB (gagnsæistilskipunarinnar).

65. Á kostnaðarhlið má taka til greina öll útgjöld sem stofnast hafa vegna rekstrar almannaþjónustunnar. Stundi fyrirtækið rekstur sem fellur ekki undir almannaþjónustu má aðeins taka til greina kostnað sem tengist almannaþjónustunni. Eftirlitsstofnun EFTA tekur mið af því að torvelt getur verið fyrir útvarpsrekendur í almannaþjónustu að viðhafa fjárhagslegan aðskilnað á kostnaðarhlið. Þetta er vegna þess að afstaða stjórnvalda í EFTA-rikjunum getur verið sú, einkum þegar um ræðir hefðbundna útvarpsstarfsemi, að allt dagskrárefni útvarpsrekanda falli undir almannaþjónustuhlutverkið, enda þótt þau heimili nýtingu þess í ábataskyni. Með öðrum orðum er hugsanlegt að sömu aðföng séu nýtt að miklu leyti hvort sem starfsemin fellur undir almannaþjónustu eða ekki, og óvíst er að alltaf sé unnt að skipta kostnaðinum niður í réttum hlutföllum.
66. Jafnan skal tilgreina skýrt og aðskilja fjárhagslega allan kostnað sem fellur til sérstaklega vegna starfsemi sem telst ekki til almannaþjónustu (t.d. kostnað við markaðssetningu á auglýsingamarkaði). Þá skal aðfangakostnaði, sem er ætlað að þjóna uppbyggingu á starfsemi jafnt á sviði almannaþjónustu sem annarrar þjónustu, skipt í réttum hlutföllum milli starfsemi sem fellur undir almannaþjónustu og annarrar starfsemi, hvenær sem það er raunhæft.
67. Í öðrum tilvikum skal fara þá leið, þegar sömu framleiðsluþættir eru notaðir bæði í almannaþjónustuverkefnum og öðrum verkefnum, að skipta sameiginlegum aðfangakostnaði á grundvelli þess mismunar sem er á heildarkostnaði fyrirtækisins eftir því hvort hann er reiknaður með eða án starfsemi sem fellur undir almannaþjónustu<sup>(45)</sup>. Útgjöldum, sem rekja má að öllu leyti til starfsemi á sviði almannaþjónustu – enda þótt þau nýtist einnig í annarri starfsemi – þarf ekki að skipta milli þessara tveggja tegunda starfsemi í tilvikum sem þessum, heldur má fella þau að öllu leyti á almannaþjónustustarfsemina. Þetta frávik frá þeirri tilhögun, sem almennt er fylgt í öðrum greinum almannaþjónustu, má skýra með sérstöðu útvarpsþjónustu í almannaþágu. Þegar um slíka þjónustu er að ræða verður að taka tillit til hreins hagnaðar af starfsemi, sem rekin er í ábataskyni en tengist almannaþjónustustarfseminni, þegar hreinn kostnaður af síðarnefndu starfseminni er reiknaður, og sá hagnaður kemur þannig til lækkunar á fjárhæð endurgjaldsins sem greitt er fyrir almannaþjónustuna. Með þessu er dregið úr hættunni á víxlstyrkjum sem ættu sér stað ef almennur kostnaður væri bókfærður sem kostnaður við að veita almannaþjónustu.
68. Besta dæmið um það, sem lýst er í undanfarandi málsgrein, er kostnaður útvarpsrekandans við dagskrárgerð sem fellur undir almannaþjónustuhlutverk hans. Þar er um að ræða dagskrárefni sem gerir hvorttveggja að þjóna almannaþjónustuhlutverkinu og laða að áheyrendur og áhorfendur í því skyni að selja auglýsingatíma. Hins vegar er nánast ógerlegt að áætla nógu nákvæmlega hversu stór hluti áhorfs á þetta dagskrárefni þjónar almannaþjónustuhlutverkinu og hversu stór hluti nýtist til að afla auglýsingatekna. Af þeim sökum er hætt við að viðleitni til að skipta dagskrárgerðarkostnaðinum milli þessara tveggja tegunda starfsemi yrði tilviljanakennd og tilgangslaus.
69. Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á að auka megi gagnsæi að því er varðar fjármál enn frekar með því að koma á fullnægjandi aðskilnaði milli starfsemi á sviði almannaþjónustu og annarrar starfsemi í skipulagi viðkomandi útvarpsrekanda í almannaþjónustu. Ef rekstrarlegur eða skipulagslegur aðskilnaður er viðhafður frá upphafi er að jafnaði auðveldara að komast hjá víxlstyrkjum til starfsemi sem rekin er í ábataskyni og tryggja að innri verðlagning sé eðlileg og að armslengdarreglan sé virt. Stjórnvöldum í EFTA-rikjunum er því bent á að huga að rekstrarlegum eða skipulagslegum aðskilnaði, sem nokkurs konar bestu framkvæmd, þegar um ræðir umfangsmikla starfsemi sem rekin er í ábataskyni og er aðgreinanleg frá annarri starfsemi.
70. Þar eð ofgreitt endurgjald er fjármunir sem eru ekki nauðsynlegir rekstri þjónustunnar sem hefur almenna efnahagslega þýðingu teljast slíkar ofgreiðslur í grundvallaratriðum ríkisaðstoð sem er ósamrýmanleg gildandi reglum og ber því að endurgreiða til ríkisins, með fyrirvara um skýringarnar sem fram koma í þessum undirkafla að því er varðar rekstur útvarpsþjónustu í almannaþágu.

<sup>(45)</sup> Hér er byggt á þeirri ímynduðu stöðu að lagðir væri niður þeir þættir starfseminnar sem teljast ekki til almannaþjónustu: Kostnaður, sem þannig sparaðist, er sá almenni kostnaður sem fella ber á starfsemi sem er ekki almannaþjónusta.



71. Eftirlitsstofnun EFTA byggir athugun sína á þeirri frumforsendu að opinberar fjárveitingar séu oftast nauðsynlegar til þess að viðkomandi fyrirtæki geti leyst af hendi almannajónustuverkefni sem þeim hafa verið falin. Til þess að meðalhöfsskilyrðinu sé fullnægt er þó að jafnaði nauðsynlegt að endurgjaldið, sem hið opinbera greiðir, sé ekki hærra en sem nemur hreinum kostnaði af því að sinna almannajónustuhlutverkinu, að teknu tilliti jafnframt til annarra beinna eða óbeinna tekna sem fyrirtækið hefur af starfsemi sem fellur undir almannajónustu. Af þessum sökum verður hreinn kostnaður við að annast almannajónustuna reiknaður með hliðsjón af hreinum hagnaði af allri starfsemi sem rekin er í ábataskyni og tengist almannajónustustarfseminni.
72. Fyrirtæki, sem njóta endurgjalds fyrir að annast almannajónustuverkefni, mega að jafnaði sýna eðlilegan hagnað. Slíkur hagnaður myndast sem ávöxtun eiginfjár sem er ákveðin að teknu tilliti til þeirrar áhættu, eða þess áhættuleysis, sem fyrirtækið býr við. Á sviði útvarpsrekstrar háttar oft þannig til að almannajónustuhlutverkið er í höndum fyrirtækja sem hafa ekki hagnað að markmiði eða þurfa ekki að sýna arðsemi af fjármunum og sinna engri annarri starfsemi en almannajónustu. Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á að við þær aðstæður sé óeðlilegt að fella hagnaðarlið inn í endurgjaldið sem fyrirtækið fær greitt fyrir að rækja almannajónustuhlutverkið <sup>(46)</sup>. Í öðrum tilvikum, svo sem þegar tiltekna almannajónustukvaðir eru lagðar á fyrirtæki sem starfrækt eru í ábataskyni og verða að geta tryggt arðsemi fjármunanna sem lagðir eru til þeirra, getur hins vegar komið til greina að bæta við hagnaðarlið sem svarar til eðlilegrar arðsemi fjármuna að teknu tilliti til áhættu, að því tilskildu að rökstuðningur fyrir því sé fullnægjandi og að hagnaðurinn sé nauðsynlegur fyrirtækinu til þess að það geti fullnægt almannajónustukvöðunum.
73. Heimilt er að láta útvarpsrekendur í almannajónustu njóta árlegra ofgreiðslna umfram hreinan kostnað af því að veita almannajónustuna ef það er nauðsynlegt til að tryggja þeim fjármögnun til að standa undir kvöðum um þjónustuna (þetta mætti nefna „varasjóð almannajónustu“). Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á að almennt geti talist nauðsynlegt að leggja til hliðar allt að 10% af árlegri fjárhagsáætlun vegna almannajónustunnar til þess að mæta útgjalda- og tekjuveiflum. Sú regla gildir að ofgreiðslur umfram þetta hámark ber að endurheimta án ónauðsynlegra tafa.
74. Í undantekningartilvikum má heimila útvarpsrekendum í almannajónustu að halda eftir fjármunum sem nema meira en 10% af árlegri fjárhagsáætlun vegna almannajónustuhlutverksins sem þeir hafa með höndum, enda sé það rökstutt með fullnægjandi hætti. Því aðeins er unnt að fallast á þetta að sérstaklega sé ákveðið fyrirfram og með bindandi hætti að slíkar umframgreiðslur verði eingöngu notaðar til að standa undir einskiptiskostnaði sem nemur verulegum fjárhæðum og er nauðsynlegur til að unnt sé að rækja almannajónustuhlutverkið <sup>(47)</sup>. Nýting umframgreiðslna af þessu tagi í skýrt mörkuðum tilgangi þarf einnig að vera bundin tilteknu tímabili í samræmi við fyrirhugaða ráðstöfun fjármunanna.
75. Til þess að Eftirlitsstofnun EFTA geti rækt skyldustörf sín skulu stjórnvöld í EFTA-ríkjunum mæla fyrir um með hvaða skilyrðum útvarpsrekendum í almannajónustu sé heimilt að nota ofangreindar umframgreiðslur.
76. Ofgreiðslurnar, sem fjallað er um hér á undan, skulu eingöngu notaðar til að fjármagna starfsemi sem fellur undir almannajónustu. Ekki má víxlstyrkja starfsemi sem rekin er í ábataskyni og telst slíkt ríkisaðstoð sem er ósamrýmanleg gildandi reglum.
77. Stjórnvöld í EFTA-ríkjunum skulu koma upp hentugu eftirlitskerfi til þess að tryggja að engar ofgreiðslur eigi sér stað, með fyrirvara um ákvæði 72.–76. mgr. hér á undan. Þau skulu sjá til þess að reglulegt og virkt eftirlit sé með notkun opinberra fjármuna til þess að koma í veg fyrir ofgreiðslur og víxlstyrki og til þess að fylgjast með því hversu miklir fjármunir renna í „varasjóð

<sup>(46)</sup> Þetta sjónarmið stendur að sjálfsögðu ekki í vegi fyrir því að útvarpsrekendur í almannajónustu hafi hagnað af starfsemi sem rekin er í ábataskyni og fellur ekki undir almannajónustuhlutverkið.

<sup>(47)</sup> Réttlætjanlegt getur verið að koma upp sérstökum varasjóði af þessu tagi til að standa undir umfangsmiklum kaupum á tæknibúnaði (svo sem búnaði til stafvæðingar), sem fyrirhugað er að ráðast í á tilteknum tíma og eru nauðsynleg til að unnt sé að rækja almannajónustuhlutverkið, eða umfangsmikilli endurskipulagningu sem er nauðsynleg til að tryggja samfelli í starfi viðkomandi útvarpsrekanda í almannajónustu á tilteknu, vel skilgreindu tímabili.

almannaþjónustu“ og hvernig þeir eru notaðir. Stjórnvöld í EFTA-ríkjunum geta notað það kerfi til eftirlits með útvarpsrekstri í hverju landi sem þykir hentugast og líklegast til árangurs, og skal þá einnig hugað að nauðsynlegu samræmi við kerfi sem notuð eru til að fylgjast með því hvernig almannaþjónustuhlutverkinu er sinnt.

78. Eftirlitskerfi af þessu tagi geta aðeins talist virk ef framkvæmdin er falin utanaðkomandi aðila sem er óháður viðkomandi útvarpsrekanda í almannaþjónustu og sinnir eftirlitinu með reglulegu millibili, helst árlega. Stjórnvöld í EFTA-ríkjunum skulu sjá til þess að gera megi ráðstafanir til að endurheimta með góðum árangri endurgjald sem hefur verið ofgreitt umfram það sem kveðið er á um í undirkafla 6.5 hér á undan, svo og hugsanlega vixlstyrki.
79. Ítarleg skoðun á fjárhagsstöðu útvarpsrekenda í almannaþjónustu skal fara fram í lok hvers fjármögnunartímabils í samræmi við ákvæði sem gilda um útvarpsrekstur í hverju EFTA-ríki. Sé slíkum ákvæðum ekki til að dreifa skal miða við tímabil sem að jafnaði skal ekki vera lengra en fjögur ár. Taka ber tillit til stöðu „varasjóðs almannaþjónustu“ við lok fjármögnunartímabilsins, eða hliðstæðs tímabils samkvæmt ofangreindu, við útreikning á fjárveitingaþörf viðkomandi útvarpsrekenda í almannaþjónustu á næsta tímabili á eftir. Ef fjármunir, sem renna í „varasjóð almannaþjónustu“, nema reglulega meira en 10% af árlegum kostnaði við rekstur almannaþjónustunnar skulu stjórnvöld í EFTA-ríkjunum taka til athugunar hvort fjárveitingarnar geti talist hæfilegar með hliðsjón af raunverulegri fjárveitingaþörf viðkomandi útvarpsrekenda í almannaþjónustu.

#### 6.7. *Aukin fjölbreytni í starfsemi á sviði útvarpsþjónustu í almannaþágu*

80. Markaðir fyrir hljóð- og myndþjónustu hafa undanfarin ár tekið miklum breytingum sem leitt hafa af sér þá þróun og þá auknu fjölbreytni sem vart verður í dagskrárframboði útvarpsrekenda um þessar mundir. Við þetta hafa komið upp ný álitamál sem lúta að því hvernig reglum um ríkisaðstoð skuli beitt gagnvart hljóð- og myndþjónustu sem er víðtækari en útvarpsstarfsemi í hefðbundnum skilningi.
81. Í þessu tilliti lítur Eftirlitsstofnun EFTA svo á að útvarpsrekendur í almannaþjónustu verði að geta nýtt tækifæri sem skapast í tengslum við stafvæðingu og tilkomu fjölbreyttari dreifileiða, án þess að gert sé upp á milli tæknilausna, þjóðfélaginu til hagsbóta. Til þess að þýðingarmikið starf útvarpsrekenda í almannaþjónustu verði ekki hornreka í hinu nýja umhverfi stafrænnar tækni ber að heimila þeim að nota ríkisaðstoð til að veita hljóð- og myndþjónustu eftir nýjum dreifileiðum, hvort sem um ræðir almennt dagskrárefni eða efni sem varðar sérstök áhugasvið, að því tilskildu að slíkt dagskrárefni þjóni sömu þörfum viðkomandi þjóðfélags að því er varðar lýðræði, félagsleg skilyrði og menningarstarf og hafi ekki í för með sér óhóflega mikil áhrif á markaðnum, þ.e. umfram það sem er nauðsynlegt til að rækja almannaþjónustuhlutverkið.
82. Jafnframt hinni hröðu þróun útvarpsmarkaðarins hafa útvarpsrekendur einnig tekið upp nýjar aðferðir í rekstri sínum. Þeir leita nú í æ ríkara mæli nýrra fjármögnunarleiða í tengslum við almannaþjónustuhlutverkið, til að mynda með birtingu auglýsinga á netinu eða sölu á þjónustu gegn greiðslu (þjónusta gegn greiðslu getur til að mynda verið aðgangur að safngrunnum gegn gjaldi, greiðslusjónvarpsrásir með efni fyrir sérstök áhugasvið, aðgangur að farsímaþjónustu fyrir fast gjald, aðgangur að seinkuðum sjónvarpssendingum gagn gjaldi, niðurhlað efni yfir netið gegn greiðslu o.s.frv.). Gjaldtaka í tengslum við þjónustu gegn greiðslu getur til dæmis tengst greiðslu útvarpsrekenda á dreifingargjaldi í netkerfum eða höfundarréttargjöldum (til dæmis þegar þjónusta fyrir fartæki er veitt gegn greiðslu sérstaks dreifingargjalds í viðkomandi kerfi).
83. Enda þótt reglan sé að þjónusta útvarpsrekenda í almannaþjónustu byggist á opnum útsendingum er það álit Eftirlitsstofnunar EFTA að bein gjaldtaka í tengslum við slíka þjónustu – sem getur að visu takmarkað aðgang áhorfenda<sup>(48)</sup> – hafi ekki nauðsynlega í för með sér að slík þjónusta falli augljóslega utan almannaþjónustuhlutverksins, að því tilskildu að með gjaldtökunni sé ekki

<sup>(48)</sup> Í tilmælum Evrópuráðsins um hlutverk almannaþjónu og upplýsingasamféluginu segir um þetta: “[...] Aðildarríkin geta hugað að öðrum fjármögnunarleiðum, að teknu fullu tilliti til atvika sem varða markaðs- og samkeppnismál. Aðildarríkin geta einkum hugað að því í tengslum við nýjar tegundir einstaklingsþjónustu að heimila almannaþjónu að innheimta gjöld [...]. Lausnir af þessu tagi mega þó aldrei grafa undan reglunni um almennan aðgang að almannaþjónu eða verða til þess að mismuna þjóðfélagshópum [...]. Þegar aðildarríkin koma sér upp nýjum fjármögnunarkerfum ber þeim að taka til vandlegrar athugunar hvers edlis efnið er sem bjóða á fram, með almannahag og sameiginlega hagsmuni fyrir augum.”

vegið að þeirri sérstöðu almannaþjónustu að uppfylla þarfir almennings að því er varðar félagsleg skilyrði, lýðræði og menningarstarf, en það er sú sérstaða sem greinir almannaþjónustu frá starfsemi sem rekin er í ábataskyni <sup>(49)</sup>. Gjaldtakan er einn þeirra þátta sem hafa verður hlíðsjón af þegar ákveðið er hvort þjónusta af þessu tagi skuli felld undir almannaþjónustuhlutverkið þar eð hún getur haft áhrif á hversu almennur aðgangur er að þjónustunni og hvernig hún er útfærð, auk áhrifa á markaðinn. Að því tilskildu að tiltekin þjónusta, sem gjald er tekið fyrir, þjóni ákveðnum þörfum þjóðfélagsins að því er varðar félagsleg skilyrði, lýðræði og menningarstarf, án þess að hafa of víðtæk áhrif á samkeppni og millilandaviðskipti, geta stjórnvöld í EFTA-ríkjunum felld slíka þjónustu undir almannaþjónustuhlutverk útvarpsrekenda í almannaþjónustu.

84. Eins og þegar hefur verið fjallað um er heimilt að nota ríkisaðstoð, sem rennur til útvarpsrekenda í almannaþjónustu, til að veita hljóð- og myndþjónustu eftir hvaða dreifileið sem vera skal, að því tilskildu að efnislegur áskilnaður 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins sé uppfylltur. Með þetta markmið fyrir augum skulu stjórnvöld í EFTA-ríkjunum taka til athugunar, á grundvelli matsferlis sem á sér stað fyrirfram og byggist á opnu samráði við almenning, hvort markverð ný hljóð- og myndþjónusta, sem útvarpsrekendur í almannaþjónustu fyrirhuga, fullnægir áskilnaði 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins, þ.e. hvort hún þjónar þörfum þjóðfélagsins að því er varðar lýðræði, félagsleg skilyrði og menningarstarf í samhengi við útvarpsþjónustu í almannaþágu, að teknu fullu tilliti til hugsanlegra áhrifa á viðskipta- og samkeppnisskilyrði.
85. Stjórnvöldum í EFTA-ríkjunum er látið eftir að ákveða hvað skuli teljast „markverð ný þjónusta“ að teknu tilliti til eiginleika og þróunar útvarpsmarkaðarinnar og þjónustuúrvalsins sem viðkomandi útvarpsrekandi í almannaþjónustu býður þegar fram. Það hvort tiltekin starfsemi er flokkuð sem „ný“ getur meðal annars ráðist af efnisframboðinu svo og af því hvernig neytendur nýta sér það framboð <sup>(50)</sup>. Hvort þjónustan telst „markverð“ getur til að mynda farið eftir því hversu mikilla fjármuna er þörf til að byggja hana upp og væntanlegum áhrifum hennar á eftirspurn. Markverðar breytingar á þjónustu, sem þegar er í boði, skulu teknar til athugunar á sama hátt og markverð ný þjónusta.
86. Stjórnvöld í EFTA-ríkjunum geta valið þá leið sem hentugust þykir til að tryggja að hljóð- og myndþjónusta samræmist efnisákvæðum 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins, að teknu tilliti til sérstöðu útvarpskerfisins í hverju landi og þarfarinnar á því að standa vörð um sjálfstæði útvarpsrekenda í almannaþjónustu að því er varðar dagskrárgerð.
87. Með aukið gagnsæi fyrir augum og til þess að fram komi allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að unnt sé að taka málefnalega ákvörðun skal hagsmunaaðilum gefið færi á því með opnu samráði að segja álit sitt á áformum um markverða nýja þjónustu. Birta skal opinberlega niðurstöður samráðsins, mat á þeim niðurstöðum og ástæðurnar sem lagðar eru ákvörðuninni til grundvallar.
88. Til þess að tryggt sé að opinberar fjárveitingar til að standa undir markverðri nýrri hljóð- og myndþjónustu raski ekki viðskiptum og samkeppni svo mjög að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum skulu stjórnvöld í EFTA-ríkjunum áætla heildaráhrif nýju þjónustunnar á markaðnum með því að bera saman, með vísan til niðurstaðna samráðsins, hver staða mála yrði með og án nýju þjónustunnar sem áformuð er. Í slíku mati þarf meðal annars að líta til eftirtalinnna atriða: hvort önnur fyrirtæki bjóða svipaða eða staðkvæma þjónustu, hvort samkeppni ríkir í dagskrárgerð, hvernig uppbyggingu markaðarinnar er háttað, hver markaðsstaða viðkomandi útvarpsrekenda í almannaþjónustu er, hversu mikil samkeppni ríkir á markaðnum og hvort vænta má áhrifa á einkaframtak. Þessi áhrif ber að vega á móti því hvers virði viðkomandi þjónusta er fyrir þjóðfélagið. Ef áhrif á markaði eru fyrst og fremst neikvæð geta ríkisfjárveitingar til rekstrar

<sup>(49)</sup> Eftirlitsstofnun EFTA lítur til að mynda svo á að þegar innheimtar eru beinar greiðslur fyrir að veita notendum aðgang að sérhæfðu efni utan almennrar dagskrár verði slíkt að jafnaði að teljast starfsemi sem rekin er í ábataskyni. Á hinn bóginn er það afstaða stofnunarinnar, svo dæmi sé tekið, að þótt innheimt séu hrein dreifingargjöld í tengslum við útsendingu á blönduðu og fjölbreyttu efni eftir nýjum leiðum, svo sem til notenda fartækja, leiði það ekki til þess að útsendingin teljist starfsemi sem rekin er í ábataskyni.

<sup>(50)</sup> Eftirlitsstofnun EFTA lítur til að mynda svo á að sumar línulegar dreifingaraðferðir, svo sem samhliða útsending kvöldfréttar sjónvarps með döllum aðferðum (t.d. á netinu, til fartækja), geti flokkast þannig að þjónustan teljist ekki „ný“ með tilliti til þessa kafla. Stjórnvöldum í EFTA-ríkjunum er látið eftir að ákveða hvort aðrar dreifileiðir, sem notaðar eru við endurútsendingu á dagskrá útvarpsrekenda í almannaþjónustu, skuli teljast markverð ný þjónusta, að teknu tilliti til sérstöðu og helstu eiginleika þjónustunnar sem um ræðir.

hljóð- og myndþjónustu því aðeins talist í samræmi við meðalhóf að þær megi réttlæta með vísan til virðisaukans sem fylgir því að þjóna þörfum þjóðfélagsins að því er varðar félagsleg skilyrði, lýðræði og menningarstarf<sup>(51)</sup>, og þá einnig með tilliti til heildarframboðs á útvarpsþjónustu í almannabágu.

89. Mat af þessu tagi getur ekki talist hlutlægt nema það hafi verið falið aðila sem er óháður stjórnendum viðkomandi útvarpsrekanda í almannabjónustu í reynd, meðal annars að því er varðar skipan og uppsögn nefndarmanna, og hefur bolmagn og mannafla til að rækja skyldustörf sín. Stjórnvöld í EFTA-ríkjunum þurfa að geta komið sér upp málsmeðferð sem hæfir stærð markaðarins og markaðsstöðu viðkomandi útvarpsrekanda í almannabjónustu.
90. Ofangreind sjónarmið mega ekki koma í veg fyrir að útvarpsrekendur í almannabjónustu bjóði nýja og nýskapandi þjónustu til reynslu (t.d. sem tilraunaverkefni) innan vissra marka (t.d. að því er varðar tímabil eða áhorfendahóp) og í þeim tilgangi að safna upplýsingum um hvort raunhæft sé að veita hina fyrirhuguðu þjónustu og hvaða virðisauka hún hafi í för með sér, enda sé slíkt reynslutímabil ekki notað til að koma í fullan rekstur markverðri nýrri hljóð- og myndþjónustu.
91. Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á að mat á vegum landsyfirvalda af því tagi, sem hér hefur verið lýst, muni stuðla að því að ríkisaðstoðarreglum EES-samningsins sé fylgt. Þessi afstaða er með fyrirvara um valdheimildir stofnunarinnar og framkvæmdastjórnarinnar til að sannreyna að EFTA-ríkin virði ákvæði EES-samningsins, og um rétt þeirra til að gera ráðstafanir eftir því sem þörf er á, og þá einnig á grundvelli kvartana eða að eigin frumkvæði.

#### **6.8. Samræmi við meðalhóf og markaðshæðun**

92. Samkvæmt 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins mega útvarpsrekendur í almannabjónustu ekki hafa með höndum starfsemi sem getur leitt til óhóflegrar samkeppnisröskunar, þ.e. umfram það sem er nauðsynlegt til að þeir geti rækt hlutverk sitt á sviði almannabjónustu. Svo dæmi sé tekið er venjulega litið svo á að kaup slíkra útvarpsrekenda á sýningarrétti á eftirsóttu dagskrárefni séu eðlilegur þáttur í almannabjónustuhlutverki þeirra í heild. Aftur á móti teldist það óhóflega mikil samkeppnisröskun ef útvarpsrekendur í almannabjónustu nýttu sér ekki einkarétt sinn til sýningar á eftirsóttu efni án þess þó að bjóðast til að framselja hann á gagnsæjan hátt og tímanlega. Af þeim sökum beinir Eftirlitsstofnun EFTA því til stjórnvalda í EFTA-ríkjunum að þau sjái til þess að útvarpsrekendur í almannabjónustu virði meðalhófsregluna, einnig í tengslum við kaup á sýningarrétti á eftirsóttu efni, og setji reglur um framsal útvarpsrekenda í almannabjónustu á ónotuðum einkarétti til sýningar á eftirsóttu dagskrárefni.
93. Útvarpsrekendur í almannabjónustu verða að lúta reglum markaðarins í allri starfsemi sem rekin er í ábataskyni, og þegar slíkur rekstur er falinn dótturfélögum, sem starfrækt eru í ábataskyni, verða samskipti þeirra við slík félög að byggjast á armslengdarreglunni. Stjórnvöld í EFTA-ríkjunum skulu sjá til þess að útvarpsrekendur í almannabjónustu virði armslengdarregluna, standi að fjárfestingum, sem gerðar eru í ábataskyni, í samræmi við markaðsfjárfestaregluna og nýti ekki opinberar fjárveitingar til athafna sem hafa samkeppnishamlandi áhrif gagnvart keppinautum.
